

SPRETTUR

SAMBÆTTING NÁMSGREINA Á UNGLINGASTIGI VATNSENDASKÓLA

Breyttar áherslur og samþætting námsgreina

Sprettur er nýtt hugtak á unglingsstigi sem nær yfir samþættingu fjögurra námsgreina, samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsingatækni og íslensku (síðastnefnda fagið þó einungis að hluta til). Sprettur byggir á því að auka vitund nemenda á eigin námi og gera þá enn meðvitaðri um þróun þess. Með breyttum áherslum er leitast við að gera markmið námsins skýrari og að nemendur séu meðvitaðri hvað sé framundan og hvers sé ætlast til af þeim í fyrirbyggjandi vinnu.

Á þessu skólaári verður breytt fyrirkomulag á unglingsstigi Vatnsendaskóla og ný nálgun lögð fram í tengslum við verkefnavinnu. Nemendur munu þannig taka léttu „spretti“ í vetur þar sem áhersla verður á einstaklings- og hópamiðaða vinnu. Það fyrirkomulag býður upp á aukin tækifæri fyrir nemendur á að nýta eigin styrkleika, sér og öðrum til framdráttar.

FYRIRKOMULAG

Í Spretti vinna nemendur í mismunandi teymum og nýta þannig ólíka styrkleika sína til þess að uppfylla markmið hvers viðfangsefnis fyrir sig. Með því að nýta fjölbreytni og mismunandi hæfni samnemenda gefst tækifæri á því að dýpka nálgun á viðfangsefnum, auk þess sem hvert viðfangsefni fær aukinn tíma og þar af leiðandi gefst nemendum kostur á að koma sínum hugmyndum og skoðunum enn frekar á framfæri.

Hver Sprettur er byggður upp af skyldu- og valverkefnum sem tengjast bæði beint og óbeint. Í hverju verkefni er unnin vinna sem styður við og styrkir nemendur í þeim hæfniviðmiðum, sem skólastarfið byggir á. Þannig fá nemendur skýrari mynd hvers vegna þeir eru í námi og hvers vegna hvert verkefni er uppbyggt eins og það er. Þannig taka nemendur aukna ábyrgð á eigin vinnu og geta verið með betri yfirsýn á námið og hvað þarf að gera til að ná markmiðum, gera þau að sínum og auka árangur í starfi. Auðvelt er fyrir nemendur og foreldra að fylgjast með þar sem öll verkefni fara inn á Google Classroom og eru metin inni á Mentor út frá þeim hæfniviðmiðum sem fylgja hverju verkefni.

UNDIRBÚNINGUR FYRIR FRAMTÍÐ

Skólaþróun hefur verið gríðarlega ör á upphafsárum 21. aldarinnar og ólíkar stefnur og straumar hafa mótað skólastarf nútímans. Við í Vatnsendaskóla erum sammála um að allar breytingar verði að þjóna þeim tilgangi að undirbúa nemendur okkar eins vel og mögulegt er fyrir það sem koma skal. Þannig er mikilvægt að undirbúa nemendur fyrir þeirra framtíð en ekki okkar fortið. Að þessu sögðu er vert að taka það fram að breytingar eru ekki gerðar breytinganna vegna og markmiðið með samþættingu námsgreina er fyrst og fremst að vinna á sem bestan hátt að hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Þar hafa verið gerðar gagngerar breytingar á undanförunum árum og teljum við að með uppstokkun í starfi unglingsdeildar þá verður hægt að uppfylla þær kröfur sem settar hafa verið fram ásamt því að ná betur utan um þau hæfniviðmið sem um ræðir.